

## M-46/2009 Álit 18. ágúst 2009

### Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 18. ágúst 2009 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-46/2009:

#### I

##### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 15. júní sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna meintra galla á kæli- og frystiskáp sem hann keypti 2. júní 2004 af fyrirtækinu Y. Kröfur álitsbeiðanda eru orðaðar með þessum hætti: „Væri hægt að fá skápinn borgaðan að fullu (framreiknaðan) svo við gætum keypt okkur annan skáp. [...] Eða fá annan skáp sambærilegan. Við mundum borga mismun þegar búið er að reikna út okkar ísskáp.“

#### II

##### Málsmeðferð kærunefndarinnar

Kærunefndin ritaði Y bréf, dags. 16. júní sl., og gaf fyrirtækinu kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 29. júní. Fyrirtækið fékk frestinn framlengdan og bárust andsvör þess 3. júlí. Með bréfi, dags. 8. júlí var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 17. júlí. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi, dags. 10. ágúst sl., var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### III

##### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt reikningi, dags. 2. júní 2004, keypti álitsbeiðandi kæli- og frystiskáp af Y og kostaði hann kr. 34.900. Álitsbeiðandi segir ísskápinn hafa verið dæmdan ónýtan af verkstæðismönnum í febrúar eða mars 2008 en kælikerfið hafi lekið og ekki hægt að gera við lekann. Ending skápsins hafi því verið lítil. Álitsbeiðandi kveðst hafa gert þá kröfu á hendur seljanda að hann léti sér í té nýjan, sambærilegan ísskáp. Seljandi hafi fyrst boðið afslátt, kr. 15.000, af verði nýs ísskáps sem sér hafi fundist of lítið en síðar hafi boðið verið hækkað í kr. 20.000 á yfirstandandi ári.

#### IV

##### Andsvör gagnaðila

Í andsvörum seljanda kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Við bjóðum viðskiptavinum strax 20.000 afslátt af nýju tæki. Þá er viðskiptavinur að greiða kr. 15.000 fyrir notkun af ísskáp í tæp 4 ár. Viðskiptavinur hafnar þessu. Síðan um tæpu ári seinna kemur viðskiptavinur aftur og við bjóðum sama afslátt. Aftur er því boði hafnað. Okkur finnst að 15.000 sé ekki mikið fyrir notkun af ísskáp í tæp 4 ár. Við gerum okkur grein fyrir að tæki hafa hækkað mikið á síðasta ári en það er ekkert sem við ráðum við. Benda má á að ef viðskiptavinur hefði tekið strax boði okkar 2008 þá hefði verið á ísskápnum verið lægra. Boð okkar um 20.000 afslátt stendur enn.“

## V

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsskiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla aðila undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Samkvæmt gögnum málsins er það ágreiningslaust á milli aðila að ísskápur álitsskiðanda var haldinn göllum þess eðlis að hann hefur verið dæmdur álitsskiðanda ónýtur. Álitsskiðandi hafði þá notað ísskápinn í tæplega fjögur ár.

Það er álit kærunefndarinnar að um ábyrgð seljanda á göllum á ísskápnum fari eftir 2. málslíð 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003, þ.e. að kvörtunarfrestur sé í þessu tilviki 5 ár. Ekkert er komið fram um að gallinn á ísskápnum verði rakinn til notkunar álitsskiðanda á honum.

Í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er kveðið á um galla á söluhlut og í 26. gr. laganna um úrræði neytanda vegna viðkomandi galla. Krafa álitsskiðanda sýnist falla undir það að vera krafa um riftun kaupanna, þ.e. að hann fái kaupverð skápsins endurgreitt að fullu og þá framreiknað. Á kröfu hans um nýja afhendingu verður að líta sem varakröfu, en hún er þess efnis að hann fái nýjan sambærilegan skáp afhentan gegn því að hann greiði mismun á verði nýs skáps og því sem hann eigi rétt á að fá endurgreitt vegna galla á þeim skáp sem hann keypti en sú krafa verður ekki eðlilega ekki afgreidd nema fyrst sé tekin afstaða til fyrri kröfunnar. Niðurstaða kærunefndarinnar verður því einvörðungu um fyrri kröfuna, þ.e. hvort álitsskiðandi á rétt á því að rifta kaupnum og hvað hann á rétt til að fá endurgreitt frá seljanda, enda gæti álitsskiðandi þá þess vegna keypt sé nýjan skáp og greitt mismuninn.

Í 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003 segir eftirfarandi:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
- b. valið á milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr.;
- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.“

Í 32. gr. sem vísað er til í d-lið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003 um riftunarkröfu segir að í stað afsláttar geti kaupandi rift kaupnum nema galli sé óverulegur. Að álit kærunefndarinnar verður það að teljast ekki óverulegur galli að ísskápur skuli ekki endast nema í tæp 4 ár og er því skilyrði 32. gr. um rétt til riftunar því fullnægt.

Í 50. gr. laga nr. 48/2003 segir að við riftun kaupa skuli neytandi færa seljanda þann afrakstur til tekna sem hann hefur haft af hlutum og greiða hæfilegt endurgjald sem hann hefur að öðru leyti haft af honum. Þetta þýðir að við ákvörðun um það hvað seljanda ber að greiða álitsskiðanda á að taka tillit til þess að álitsskiðandi hefur haft not af ísskápnum í tæp 4 ár. Endurgreiðsla sem þessi verður aldrei öðru vísi metin en að álitum við það mat verður að hafa í huga að verð á vöru sem ísskápnum hefur hækkað umtalsvert frá því að álitsskiðandi keypti ísskápinn, sem hann mátti búast við að entist

töluvert lengur en raunin varð. Með framanskráð í huga er álit kærunefndarinnar það að seljanda, Y, beri að greiða álitsbeiðanda kr. 20.000.

**VI**

**Álitsorð**

Y greiði álitsbeiðanda, X, kr. 20.000.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir